

Ársskýrsla 2021



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Stjórn	5
Lykilstærðir LSR	6
Ávöxtun og hrein eign	8
Eignir og markaðir	13
Eignasafn	14
Fjárfestingar ársins	16
Innlend hlutabréf	17
Erlend hlutabréf	18
Framtakssjóðir	20
Skuldabréf	21
Útlán til sjóðfélaga	23
A-deild	25
Lykilstærðir	26
Um A-deild	27
Verðbréf	28
Iðgjöld	29
Lífeyrir	30
Skuldbindingar	32

B-deild	34
Lykilstærðir	35
Um B-deild	36
Verðbréf	37
Iðgjöld	38
Lífeyrir	39
Skuldbindingar	42
Séreign	48
Lykilstærðir	49
Um Séreign	50
Verðbréf og ávöxtun	51
Leið I	52
Leið II	53
Leið III	54
Iðgjöld og lífeyrir	55

Starfsemi	58
Starfsfólk	59
Úr starfseminni	60
Jafnlaunavottun	60
Umhverfisvænar fjárfestingar	61
Stafrænar lausnir	62
Skipurit LSR	63
Lög, samþykktir, stefnur og reglur	64
Ársreikningar	65
Annual Report	66
Overview	67



Hér erum við

Árið 2021 greiddu rúmlega 30.000 sjóðfélagar iðgjöld til LSR vegna vinnu hjá hátt í 1.000 vinnuveitendum. Sjóðurinn greiddi jafnframt lífeyri til rúmlega 23.000 sjóðfélaga. Þótt störfín tengist flest opinbera geiranum eru þau eins ólík og þau eru mörg – sum okkar tryggja öryggi landsmanna innan lögreglunnar, önnur hlúa að okkur innan heilbrigðiskerfisins. Svo eru þau sem sjá um menntun yngstu kynslóðanna okkar, tryggja hreinlæti á vinnustöðum og stofnunum eða sinna sérfræðistörfum um allt land – listinn er langur. Á síðunum hér á eftir sjáum við örfá dæmi um sjóðfélaga að störfum.

Ávarp stjórnarformanns

Kæru sjóðfélagar!

Í þessari ársskýrslu LSR gerum við upp árið 2021. Óhætt er að segja að árið hafi verið viðburðaríkt og krefjandi fyrir rekstur lífeyrissjóðsins. Þrátt fyrir margvíslegar áskoranir og samkomutakmarkanir vegna COVID-19 gekk rekstur sjóðsins vel. Þannig tókst starfsfólki að halda starfsemi sjóðsins gangandi og veita sjóðfélögum þjónustu, en á árinu fengu rúmlega 23.000 sjóðfélagar greidd eftirlaun eða annan lífeyri frá sjóðnum auk þess sem um 30.000 sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins.

Ávöxtun ársins hjá LSR reyndist mjög góð og er einstaklega ánægjulegt að sjóðurinn sé nú búinn að skila 10% eða meiri raunávöxtun þrjú ár í röð. Á árinu jukust eignir sjóðsins um tæpa 179 milljarða en í lok ársins var hrein eign LSR 1.347 ma.kr. Sjóðurinn hefur vaxið ört síðustu ár og næstum tvöfaldað eignir sínar frá byrjun árs 2017.

Við mat skuldbindinga lífeyrissjóða er notast við dánar- og eftirlifendatöflur sem gefnar eru út af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Í lok síðasta árs staðfesti ráðuneytið, að tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur. Hinn breytti útreikningur nýtir spá um lífslíkur hvers aldurshóps

„Það er að sjálfsögðu ánægjulegt að Íslendingar sjái fram á að ná hærri aldri á komandi áratugum, en felur um leið í sér ákveðna áskorun fyrir lífeyrissjóði.“

fyrir sig en áður var ein tala reiknuð fyrir allan hópinn óháð fæðingarári einstaklingins. Þannig er í fyrsta sinn gert ráð fyrir að lífaldur yngri kynslóða muni lengjast jafnt og þétt umfram eldri kynslóðir. Það er að sjálfsögðu ánægjulegt að Íslendingar sjái fram á að ná hærri aldri á komandi áratugum, en felur um leið í sér ákveðna áskorun fyrir lífeyrissjóði. Góð ávöxtun hjá LSR síðustu ár auðveldar sjóðnum að takast á við þessar breytingar.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins miðað við nýjan útreikning er nokkuð góð og vel innan skilgreindra vikmarka lífeyrissjóða. Engu að síður stendur LSR nú frammi fyrir nýjum veruleika með sífellt hækkandi lífaldri fólks og þarf að finna lausnir sem tryggja að lífeyrisréttindi hverrar kynslóðar dugi fyrir lífeyrisgreiðslum hennar. Þessar breytingar á forsendum lífslíkna hafa verið í farvatninu um nokkurra ára skeið og þótt þær setji vissulega strik í reikninginn er jákvætt að lífeyriskerfið hafi loks fast land undir fótum og muni hér eftir beita tryggingafræðilegum útreikningum sem byggja á traustari grunni en áður. Í LSR er nú unnið að útfærslum á framtíðarfyrirkomulagi í takt við þennan

nýja veruleika. Samhliða þessu vinnur stjórn ásamt starfsfólki að skýrslu um breytingarnar sem voru gerðar á A-deild árið 2017 þegar skipt var í aldurstengda réttindaávinnslu fyrir nýja sjóðfélaga og ríkissjóður lagði til eingreiðslu til að standa undir viðbótar-kostnaðinum við jafna ávinnslu þeirra sem voru virkir sjóðfélagar við breytinguna.

Þótt við fögnum nú góðu gengi á rekstrarárinu 2021 verður ekki hjá því litið að nýtt ár hefur hafist með töluverðum mótbyr, því í febrúar hófst mesti stríðsrekstur í Evrópu síðan í seinni heimsstyrjöldinni með tilheyrandi hörmungum. Innrás Rússlands í Úkraínu hefur ekki einungis valdið ómældu mann- og eignatjóni, heldur líka hrundið af stað flóttamannastraumi sem mun án efa setja mark sitt á Evrópu um ókomin ár. Allt leiðir þetta til aukinnar óvissu um þróun markaða á komandi misserum, en gott er að hafa í huga að fjárfestingarstefna LSR byggir á góðri dreifingu eigna milli eignaflokka, atvinnugreina og landsvæða, sem jafnar sveiflur og mildar áhrifin af einstökum viðburðum.

Loftslagsmál og sjálfbærni eru hugtök sem eru orðin okkur töm. Til að takast á við þær áskoranir sem mannkynið stendur frammi fyrir þurfa allir að leggja sitt af mörkum. LSR er stærsti lífeyrissjóður Íslands og hefur því ríkar skyldur í þessu efni. Stjórn sjóðsins leggur því áherslu á að sjóðurinn verði til fyrirmyndar á sviði umhverfismála, félagsmála og stjórnarháttá (UFS-þættir). Á síðasta ári var LSR í hópi þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem tilkynntu að þeir hygðust fjárfesta um 580 ma.kr.

í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Fjárfesting í slíkum verkefnum er ekki bara skynsamleg út frá umhverfislegum sjónarmiðum, heldur líka þegar horft er til ávöxtunar á eignum sjóðsins.

„Allt leiðir þetta til aukinnar óvissu um þróun markaða á komandi misserum, en gott er að hafa í huga að fjárfestingarstefna LSR byggir á góðri dreifingu eigna milli eignaflokka, atvinnugreina og landsvæða.“

Mig langar að endingu að nota tækifærið til að þakka starfsfólki LSR fyrir vel unnin störf á árinu. Vinnuaðstæður hafa verið krefjandi með samkomutakmörkunum og fjarvinnu, en starfsemin hefur engu að síður gengið hnökralaust fyrir sig og öll verkefni hafa verið leyst fagmannlega. Það eru mörg spennandi umbótaverkefni í farvatninu hjá sjóðnum sem munu styrkja stöðu hans og efla þjónustuna til framtíðar og verður áhugavert að fylgjast með framvindu þeirra. Jafnframt þakka ég sjóðfélögum, launagreiðendum og öðrum sem komu með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins á árinu fyrir samstarfið.

Guðrún Ögmundsdóttir, formaður stjórnar LSR

Stjórn

Stjórn LSR er skipuð 8 stjórnarmönnum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 18 sinnum saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári.

Á árinu 2021 var Árni Stefán Jónsson formaður stjórnar en í ársbyrjun 2022 tók Guðrún Ögmundsdóttir við formennskunni. Guðrún var varaformaður stjórnar árið 2021, en núverandi varaformaður er Ragnar Þór Pétursson. Þá varð sú breyting á stjórn frá síðasta ári að Jökull Heiðar Úlfsson kom nýr inn í stjórn í stað Guðmundar Árnasonar.

Stjórn sjóðsins er kjörin til þriggja ára í senn og starfar núverandi stjórn út árið 2023. Stjórn LSR ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Eitt af verkefnum stjórnar er að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Endurskoðun ársreikninga LSR er í höndum Ernst & Young. PwC sá um innri endurskoðun sjóðsins á árinu 2021, en Deloitte tók við af þeim á fyrri hluta árs 2022.

Stjórn LSR

Guðrún Ögmundsdóttir

Formaður stjórnar

Skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra

Ragnar Þór Pétursson

Varaformaður

Skipaður af stjórn KÍ

Árni Stefán Jónsson

Skipaður af stjórn BSRB

Áslaug María Friðriksdóttir

Skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra

Jökull Heiðar Úlfsson

Skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra

Unnur Pétursdóttir

Skipuð af stjórn BHM

Viðar Helgason

Skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra

Þórveig Þormóðsdóttir

Skipuð af stjórn BSRB



Stjórn LSR 2022

Fremri röð frá vinstri:

Guðrún Ögmundsdóttir, formaður stjórnar, Árni Stefán Jónsson, Unnur Pétursdóttir.

Aftari röð frá vinstri:

Áslaug María Friðriksdóttir, Ragnar Þór Pétursson varaformaður, Viðar Helgason, Jökull Heiðar Úlfsson og Þórveig Þormóðsdóttir.

Lykilstærðir


LSR

Lykiltölur LSR


	2021	2020
Nafnávöxtun	15,5%	14,9%
Hrein raunávöxtun	10,0%	10,9%
Rekstrarkostn. í hlutf. af meðalstöðu eigna	0,12%	0,13%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.346.813	1.167.886
Lífeyrir	76.059	68.692
Iðgjöld	41.121	38.616
Veitt lán	13.479	27.977
Fjöldi veittra lána	809	1.494
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	30.058	29.586
Meðalfjöldi lífeyrisþega	23.148	22.325

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.


Hrein raunávöxtun




Hrein eign til greiðslu lífeyris (ma.kr.)



Verðbréfaeign 2021



Lífeyrisgreiðslur (ma.kr.)




Samtryggingardeildir


A-deild

A-deild var stofnuð í ársbyrjun 1997 og tekur á móti nýjum sjóðfélögum að uppfylltum aðildarskilyrðum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris A-deild
(ma.kr.)




Breyting á hreinni eign á árinu 2021
(ma.kr.)




B-deild

B-deild er eldra réttindakerfi sjóðsins. B-deildinni var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama tíma og A-deildin tók til starfa. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sameinaðist B-deild þann 1. janúar 2018.

Hrein eign til greiðslu lífeyris B-deild
(ma.kr.)



Breyting á hreinni eign á árinu 2021
(ma.kr.)



Ávöxtun og hrein eign

Nafnávöxtun LSR á árinu 2021 var 15,5% sem samsvarar 10,2% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 10,0% samanborið við 10,9% árið 2020. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm ára er 8,3% og meðaltal síðustu tíu ára er 7,3%. Ávöxtun einstakra deilda LSR má sjá í töflunum hér fyrir neðan. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.


Yfirlit ávöxtunar

	A-deild	B-deild	LSR
Nafnávöxtun	15,8%	14,8%	15,5%
Hrein raunávöxtun	10,4%	9,3%	10,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	8,1%	9,1%	8,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	7,2%	7,7%	7,3%


Yfirlit ávöxtunar - Séreign

	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III
Nafnávöxtun	15,7%	11,0%	4,8%
Hrein raunávöxtun	10,3%	5,8%	-0,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	9,9%	4,9%	1,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	7,2%	5,1%	1,7%

Hrein raunávöxtun




Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar



Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris var 1.346,8 ma.kr. í árslok 2021 og jókst um 178,9 ma.kr. á milli ára, sem er 15,3% hækkun. Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins (fjárfestingartekjur að frádregnum fjárfestingargjöldum) voru 181 ma.kr. á síðasta ári en voru 151,7 ma.kr. árið áður og hafa fjárfestingartekjur aldrei áður verið jafn háar á einu rekstrarári í sögu sjóðsins. Miklar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum undanfarin 10 ár, en eins og sjá má á súluritinu hér til hliðar voru fjárfestingartekjur sjóðsins umtalsvert hærri síðustu 3 ár heldur en árin þar á undan.

Hreinar fjárfestingartekjur



Hreinar fjárfestingartekjur


(m.kr.)

	2021	2020	Breyting
A-deild	138.420	108.392	27,7%
B-deild	40.185	41.223	-2,5%
Séreign	2.368	2.134	11,0%
Samtals	180.972	151.749	19,3%

Frá upphafi árs 2012 til ársloka 2021 hefur samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris næstum þrefaldast, úr 461,1 ma.kr. í 1.346,8 ma.kr. Af aukningu eigna á tímabilinu voru fjárfestingartekjur 82,3% eða 795,6 ma.kr. Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga ásamt greiðslu lífeyrisauka námu 182,8 ma.kr. á tímabilinu. Á móti hafa greiðslur lífeyris og kostnaður verið 37,7 ma.kr. umfram iðgjaldatekjur og tekjur vegna lífeyrishækkana í B-deild.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris

(m.kr.)

	2021	2020	Breyting
A-deild	1.024.403	861.771	18,9%
B-deild	297.382	284.037	4,7%
Séreign	25.029	22.077	13,4%
Samtals	1.346.813	1.167.886	15,3%

Inn- og útlæði einstakra deilda sjóðsins hefur verið afar ólíkt undanfarin tíu ár og þar af leiðandi hefur þróun eigna verið það einnig. Eignir A-deildar hafa til dæmis aukist um 845,1 ma.kr. á tímabilinu á meðan aukning á eignum B-deildar nemur 106,5 mö.kr. Eignir Séreignar hafa aukist um 15,7 ma.kr. eða 169,4% á síðustu tíu árum.

Greining á hækkun eigna 2012-2021

(m.kr.)

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	Hlutfall
Hreinar fjárfestingartekjur	530.170	253.585	11.873	795.628	82,3%
Iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum umfram lífeyrisgreiðslur og kostnað	197.660	(239.271)	3.866	(37.744)	-3,9%
Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga	10.418	65.579	0	75.997	7,9%
Greiðslur vegna lífeyrisauka	106.812	0	0	106.812	11,0%
Sameining Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga við B-deild	0	26.614	0	26.614	2,8%
Samtals hækkun eigna síðastliðin 10 ár	845.061	106.507	15.739	967.307	100%

Eignir og markaðir




Eignasafn

Í árslok 2021 stóð eignasafn LSR í 1.345,8 mö.kr. og jókst um 178,9 ma.kr. frá fyrra ári. Á síðastliðnum þremur árum eða frá lokum árs 2018 hefur eignasafn sjóðsins stækkað um 473,8 ma.kr. eða um 54%. Á því tímabili námu fjárfestingartekjur sjóðsins 477,5 ma.kr. Á árinu jukust eignir A-deildar um 19%, eignir B-deildar jukust á sama tíma um 4,5% og eignir Séreignar um 13,4%.

Eignasafn sjóðsins í árslok skiptist þannig að eign í skuldabréfum var 559,4 ma.kr., eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum var 734,3 ma.kr. og laust fé nam 52 mö.kr. Hlutfall eigna í erlendri mynt var tæplega 43% og hlutfall verðtryggðra eigna var um 34% af eignasafni sjóðsins í árslok 2021.

Leitast er við að hafa áhættudreifingu í eignasafni sjóðsins sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Jafnframt er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingarkosta í samræmi við fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Verðbréfaeign 2021



Eignasafn

(m.kr.)

Hlutföll

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	202.998	63.771	993	267.762	19,9%	21,3%	4,0%	19,9%
Ríkisbréf	173.444	57.454	709	231.607	17,0%	19,2%	2,8%	17,2%
Sveitarfélagabréf	29.554	6.317	284	36.155	2,9%	2,1%	1,1%	2,7%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	150.078	31.335	222	181.635	14,7%	10,5%	0,9%	13,5%
Sjóðfélagalán	89.333	21.805	0	111.138	8,7%	7,3%	0,0%	8,3%
Veðskuldabréf og -sjóðir	23.087	1.889	0	24.975	2,3%	0,6%	0,0%	1,9%
Sértryggð bréf	37.658	7.641	222	45.522	3,7%	2,6%	0,9%	3,4%
Erlend skuldabréf	19.704	2.467	0	22.171	1,9%	0,8%	0,0%	1,6%
Erlend skuldabréf	19.704	2.467	0	22.171	1,9%	0,8%	0,0%	1,6%
Skuldabréf - önnur	67.961	15.130	4.774	87.865	6,7%	5,1%	19,1%	6,5%
Fyrirtækjabréf	59.161	12.108	0	71.269	5,8%	4,0%	0,0%	5,3%
Lánastofnanabréf	5.931	2.171	0	8.102	0,6%	0,7%	0,0%	0,6%
Skuldabréfasjóðir	2.869	851	4.774	8.494	0,3%	0,3%	19,1%	0,6%
Laust fé	23.103	18.614	10.336	52.053	2,3%	6,2%	41,3%	3,9%
Innlán	23.103	12.274	10.336	45.712	2,3%	4,1%	41,3%	3,4%
Lausafjár sjóðir	0	6.340	0	6.340	0,0%	2,1%	0,0%	0,5%
Innlend hlutabréf	164.041	52.207	2.573	218.821	16,1%	17,5%	10,3%	16,3%
Innlend hlutabréf	156.927	51.012	2.573	210.511	15,4%	17,1%	10,3%	15,6%
Innlendir framtakssjóðir	7.114	1.196	0	8.310	0,7%	0,4%	0,0%	0,6%
Erlend hlutabréf	393.874	115.502	6.133	515.509	38,5%	38,6%	24,5%	38,3%
Erlend hlutabréf	329.090	113.830	6.133	449.053	32,2%	38,1%	24,5%	33,4%
Erlendir framtakssjóðir	64.784	1.672	0	66.456	6,3%	0,6%	0,0%	4,9%
Eignasafn alls	1.021.758	299.026	25.031	1.345.815	100%	100%	100%	100%

Fjárfestingar ársins

Á árinu 2021 keypti LSR verðbréf og veitti lán fyrir samtals 70,6 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Fjárfestingarnar eru að stærstum hluta í A-deild eða 98% af fjárfestingum LSR sem er í takt við mismunandi fjárstreymi sjóðanna. A-deild er ungur og ört vaxandi sjóður og greidd iðgjöld til A-deildar eru mun hærrí en greiddar lífeyrisgreiðslur. B-deild, sem er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum, er með neikvætt greiðsluflæði og er greiddur lífeyrir til sjóðfélaga mun hærrí en þau iðgjöld sem sjóðurinn fær til sín. Af þeim sökum þarf B-deild að selja eignir til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum og því er meginstefna deildarinnar að fjárfesta í seljanlegum eignum.

Kaup á skuldabréfum námu 34,7 mö.kr., að teknu tilliti til sölu og uppgreiðslna á skuldabréfum. Uppgreiðslur á sjóðfélagalánnum voru 11,8 ma.kr. umfram veitt útlán til sjóðfélaga á árinu. Fjárfestingar sjóðsins í grænum og félagslegum skuldabréfum námu 5,9 mö.kr. í níu mismunandi skuldabréfaútgáfum.

Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum námu 17,2 mö.kr., þar af voru um 13,5 ma.kr. í skráðum hlutabréfum á innlendum markaði. Fjárfestingar í erlendum hlutabréfum námu 22,1 ma.kr. sem skiptist þannig að 18,4 ma.kr. voru í skráðum hlutabréfum í gegnum hlutabréfasjóði og 3,7 ma.kr. voru í framtakssjóðum, að teknu tilliti til endurgreiðslna frá þessum sjóðum.

Nettófjárfestingar

(m.kr.)

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	14.072	696	52	14.819
Ríkisbréf	8.974	167	15	9157
Sveitarfélagabréf	5.098	0	37	5.134
Fasteignaveðtryggð verðbréf	2.108	(1.490)	42	660
Sjóðfélagalán	(8.838)	(2.914)	0	(11.752)
Veðskuldabréf og -sjóðir	6.272	0	0	6.272
Sértryggð bréf	4.673	1.424	42	6.140
Erlend skuldabréf	5.585	(957)	0	4.627
Erlend skuldabréf	5.585	(957)	0	4.627
Skuldabréf - önnur	11.732	2.865	15	14.612
Fyrirtækjabréf	7.395	1.561	0	8.956
Lánastofnanabréf	4.170	1.305	0	5.475
Skuldabréfasjóðir	167	0	15	182
Laust fé	(2.007)	(1.500)	131	(3.376)
Innlán	0	0	131	131
Lausafjár sjóðir	(2.007)	(1.500)	0	(3.507)
Innlend hlutabréf	15.169	1.981	53	17.204
Innlend hlutabréf	13.914	2.521	53	16.488
Innlendir framtakssjóðir	1.255	(539)	0	716
Erlend hlutabréf	22.635	(704)	157	22.088
Erlend hlutabréf	18.637	(373)	157	18.421
Erlendir framtakssjóðir	3.998	(331)	0	3.667
Fjárfestingar alls	69.293	891	450	70.634

Innlend hlutabréf

Miklar hækkanir voru á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu og hækkuðu hlutabréf í safni LSR um 34,1% að nafnvirði sem samsvarar 27,9% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði vísitala hlutabréfa OMXIGI um 34,6% og úrvalsvísitalan OMXI10GI um 42,1%. Hin síðarnefnda vísitala tekur til þeirra félaga sem mest viðskipti eru með á markaði og báðar vísitölur taka tillit til arðgreiðslna.

Flest hlutafélög á markaði skiluðu mjög góðri ávöxtun á árinu og öll félög á markaði skiluðu jákvæðri ávöxtun. Þau félög sem hækkuðu mest voru Arion banki hf. sem hækkaði um 100,5% og Eimskip hf. sem hækkaði um tæp 96%. Þau félög sem hækkuðu minnst voru Marel hf. og Icelandair hf. sem hækkuðu um tæp 11% á árinu. Þau félög sem vógu þyngst í eignasafni LSR í lok ársins voru Marel hf., Arion banki hf. og Brim hf.

Markaðsvirði skráða hlutabréfamarkaðarins á Íslandi jókst um 64% á árinu 2021. Á árinu voru hlutabréf tveggja félaga tekin til viðskipta á Aðalmarkaði en það voru Íslandsbanki hf. og Síldarvinnslan hf.

Vaxtalækkunarferlið sem einkenndi árið 2020 studdi vel við fyrirtækin í landinu framan af ári 2021. Efnahagsreikningar flestra skráðra fyrirtækja voru sterkir og rekstraruppgjör þeirra góð. Verðbólgan fór þó að láta á sér kræla á síðari hluta ársins og vaxtahækkanir fylgdu í kjölfarið sem gera fyrirtækjum erfitt fyrir. Jafnframt setti stríð í Úkraínu og afleidd áhrif þess mark sitt á markaðinn á upphafsmánuðum ársins 2022.

Tíu stærstu útgefendur innlendra hlutabréfa í safni LSR í árslok

	m.kr.	Hlutfall
Marel hf.	31.289	14,9%
Arion banki hf.	28.766	13,7%
Brim hf.	26.598	12,6%
Össur hf.	14.650	7,0%
Eyrir Invest hf.	13.387	6,4%
Síminn hf.	12.540	6,0%
Hagar hf.	11.205	5,3%
Festi hf.	10.509	5,0%
Kvika banki hf.	10.318	4,9%
Íslandsbanki hf.	10.295	4,9%

Þróun OMXIGI og OMXI10GI á árinu (hlutabréfavísitala)



Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf í safni LSR, reiknuð í íslenskum krónum, skiluðu 18,2% nafnávöxtun sem samsvarar 12,8% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði MSCI vísitalan um 24,8% og MSCI ACWI vísitalan um 21,5%, reiknað í krónum. Báðar vísitölurnar reikna ávöxtun hlutabréfa á heimsvísu en hin síðarnefnda tekur einnig tillit til hlutabréfa í nýmarkaðsríkjum (e. Emerging Markets) og endurspeglar því betur erlent hlutabréfasafn LSR.

Miklar sveiflur voru á erlendum mörkuðum á síðasta ári og árangur hlutabréfa þróaðist með ólíkum hætti, sé horft á árangur eftir heims-hlutum. S&P 500, vísitala fyrir bandarísk hlutabréf, hækkaði um tæp 30% á árinu, FTSE Europe, vísitala fyrir evrópsk hlutabréf, hækkaði um rúm 15% á árinu og MSCI EM, vísitala fyrir nýmarkaðshlutabréf, lækkaði um rúm 3% á árinu, reiknað í bandaríkjadal. Þar höfðu m.a. áhrif lækkanir markaða í Kína þar sem bæði fasteignamarkaðurinn og tæknifyrirtæki áttu undir högg að sækja.

Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu



Þróun MSCI og MSCI ACWI með arði (USD) á árinu (heimsvísitala hlutabréfa)



LSR er í samstarfi við eignastýringaraðila um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum, bæði skráðum og óskráðum. Við val á þeim er horft til marga þátta, m.a. mismunandi fjárfestingarstefnu og aðferðafræði, áhættudreifingar, reynslu, árangurs og sjálfbærniþæmiða. Lögð er áhersla á samstarf við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnishæfa þjónustu. LSR er langtímafjárfestir og leitast eftir því að vera ábyrgur fjárfestir. Mikilvægt er að eignastýringaraðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum og geti með greinar-góðum hætti sýnt fram á að unnið sé eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga.

Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra hlutabréfa í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutfall
Vanguard Group	57.027	12,7%
Morgan Stanley	50.706	11,3%
State Street Global Markets	49.928	11,1%
MFS Investment Funds	48.631	10,8%
Wellington Management Company	40.692	9,1%
T.Rowe Price	33.134	7,4%
Storebrand Asset Management AS	31.448	7,0%
JP Morgan Asset Management	24.043	5,4%
Jupiter Fund Management	20.948	4,7%
Seilern Investment Management Ltd	18.372	4,1%

Innlendir framtakssjóðir og óskráð hlutabréf

Framtakssjóðir eru sjóðir sem fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum á mismunandi fjárfestingarstigum með það meginmarkmið að auka virðissköpun og vöxt fyrirtækja í sjóðunum. Undir framtakssjóði falla því einnig nýsköpunarsjóðir, sem fjárfesta í fyrirtækjum á fyrstu árum starfsemi sinnar. Á árinu nam nafnávöxtun innlendra framtakssjóða 23,9% sem samsvarar 18,2% raunávöxtun. Eignir LSR í innlendum framtakssjóðum námu 8,3 mö.kr. í árslok 2021.

Virði óskráðra hlutabréfa í safni LSR jókst um 30% á árinu sem samsvarar 24% raunávöxtun. Þau félög sem vógu þyngst í eignasafni LSR voru Eyrir Invest hf., Jarðvarmi slhf. og Blávarmi slhf. Óskráð hlutabréf í eignasafni LSR námu 22,1 ma.kr. í árslok 2021.

Erlendir framtakssjóðir

Framtakssjóðir í safni LSR fjárfesta bæði beint í fyrirtækjum en einnig í öðrum sjóðum, svokölluðum sjóðasjóðum. Undir framtakssjóði falla að auki innviðasjóðir sem horfa til fjárfestingartækifæra í innviðum á heimsvísu. Á árinu nam nafnávöxtun erlendra framtakssjóða 40,3%, reiknað í íslenskum krónum, sem samsvarar 33,8% raunávöxtun. Eignir LSR í erlendum framtakssjóðum námu 66,5 mö.kr. í árslok 2021 og hefur þessi eignaflokkur farið stækkandi á undanförunum árum.


Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra framtakssjóða í árslok

Rekstraraðilar	m.kr.	Hlutfall
Morgan Stanley AIP Private Markets	13.831	20,8%
KKR & Co. Inc.	6.752	10,2%
New Mountain Capital, L.L.C.	6.035	9,1%
Partners Group AG	5.924	8,9%
Blackstone Capital Partners L.P.	5.760	8,7%
Carlyle Investment Management L.L.C	4.825	7,3%
Warburg Pincus Global Growth L.P.	4.710	7,1%
LGT Capital Partners	4.440	6,7%
BMO Global Asset Management	3.562	5,4%
AlpInvest Partners	2.871	4,3%


Skuldabréf

Nafnávöxtun skuldabréfasafns LSR var 7,2% á árinu 2021 sem samsvarar 2,2% raunávöxtun. Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var ágæt ef horft er til verðtryggðra skuldabréfa á meðan verð óverðtryggðra skuldabréfa lækkaði nokkuð samhliða hækkandi verðbólgu og verri verðbólguhorfum. Vísitala verðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXIREAL) hækkaði um 6,2% og vísitala óverðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXINOM) lækkaði um 1,7%. Ágætis efnahagsbati átti sér stað á árinu 2021 eftir krefjandi ár þar á undan vegna útbreiðslu COVID-19 faraldursins. Vinnumarkaðurinn tók við sér sem endurspegladist í minnkandi atvinnuleysi samhliða fjölgun starfa. Seðlabankinn hækkaði meginvexti sína um 1,25 prósentustig eða úr 0,75% í 2,0% á árinu. Seðlabankinn hafði lækkað vexti töluvert á árinu 2020 til að styðja við íslenska hagkerfið vegna áhrifa faraldursins og því viðbúið að vextir myndu hækka samhliða hækkandi verðbólgu, en verðbólga ársins nam 5,7% í árslok, auk þess sem efnahagsbatinn var nokkuð kröftugur. Það var tiltölulega rólegt í nýjum útgáfum fyrirtækjaskuldabréfa. Útgáfa grænna og félagslegra skuldabréfa hefur þó farið vaxandi og námu fjárfestingar sjóðsins í slíkum skuldabréfum 5,9 mö.kr. í níu mismunandi skuldabréfaútgáfum.

Próun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu




Próun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKS) á árinu



Tíu stærstu útgefendur í safni innlendra skuldabréfa í árslok

Útgefendur	m.kr.	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	100.851	18,8%
Ríkissjóður Íslands	69.324	12,9%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	54.986	10,2%
Íslandsbanki hf.	20.171	3,8%
Landsbankinn hf.	17.164	3,2%
Reginn hf.	15.517	2,9%
Reitir fasteignafélag hf.	14.639	2,7%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	13.676	2,5%
Orkuveita Reykjavíkur	10.956	2,0%
Eik fasteignafélag hf.	10.762	2,0%

Safn skuldabréfa í árslok



Erlend skuldabréf

Nafnávöxtun ársins nam 4,1% sem samsvarar -0,7% raunávöxtun. Safnið samanstendur af erlendum skuldabréfasjóðum sem fjárfesta í skráðum skuldabréfum og lánasjóðum þar sem megináhersla er á bein fyrirtækjalán. Eignir sjóðsins í erlendum skuldabréfum námu 22,2 mö.kr. í árslok 2021.

Útlán til sjóðfélaga

Útlán LSR til sjóðfélaga á árinu 2021 námu alls 13,5 ma. kr. sem er 14,5 ma.kr. minna en á árinu 2020. Veittum lánnum fækkaði einnig á milli ára en alls voru veitt 809 lán á árinu 2021 miðað við 1.494 lán á árinu 2020. Uppgreiðsla lána nam samtals 25,2 ma.kr. á árinu 2021. Á árinu var 926 m.kr. af séreignarsparnaði ráðstafað inn á fasteignalán hjá LSR.

Sjóðfélögum hjá LSR stendur til boða að taka óverðtryggð og verðtryggð lán með vöxtum sem eru fastir í þrjú ár í senn. Á árinu 2021 voru 55% veittra lána óverðtryggð og 23,1% veittra lána voru verðtryggð með föstum vöxtum í þrjú ár í senn samkvæmt framangreindu. Sjóðfélögum stendur einnig til boða að taka verðtryggð lán með föstum vöxtum út allan lánstímann og á árinu 2021 námu þau 21,9% veittra lána.

Ýmis úrræði eru í boði hjá sjóðnum fyrir skuldara í greiðsluvanda. Helstu úrræði sem sjóðurinn býður upp á eru að leggja vanskil við höfuðstól láns, frestun á greiðslum og lenging lánstíma. Hlutfall lána í vanskilum hefur lækkað töluvert undanfarin ár og nam fjárhæð í vanskilum einungis 0,004% af eftirstöðvum sjóðfélagalána í árslok 2021.

LSR hélt áfram á árinu 2021 að auka sjálfvirkni í tengslum við lánsumsóknir. Hægt er að sækja rafrænt um lán hjá LSR á vef sjóðsins, tengjast sjálfvirku greiðslumati og á árinu 2021 var þeirri virkni bætt við að hægt er að undirrita fylgiskjöl lána með rafrænum hætti. Með aukinni sjálfvirkni leitast LSR við að einfalda lánsumsóknarferlið og bæta þjónustu við sjóðfélaga.

Lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 gilda um lánveitingar sjóðsins. Samkvæmt lögnum hvílir ákveðin upplýsingaskylda á lánveitanda við lánveitingu. Lánveitendum er einnig skylt að meta lánshæfi einstaklinga og framkvæma greiðslumat fyrir lánveitingu.


Útlán til sjóðfélaga

(m.kr.)


	2021	2020	Breyting
Veitt lán á árinu			
Fjárhæð	13.479	27.977	-51,8%
Fjöldi lána	809	1.494	-45,9%
Meðalfjárhæð	17	19	-10,5%
Lán í árslok			
Heildarfjárhæð	111.350	126.175	-11,7%
Fjöldi lána	8.740	10.328	-15,4%
Meðalfjárhæð	13	12	8,3%
Upplýsingar um vanskil			
Fjárhæð í vanskilum alls í árslok	5	13	-61,5%
Hlutfall vanskila af sjóðfélagalánnum	0,004%	0,01%	-60,0%
Fjöldi lána í meira en þriggja mánaða vanskilum í árslok	17	37	-54,1%

Heildarfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga

(ma.kr.)




Fjöldi veittra lána til sjóðfélaga




Meðalfjárhæð veittra lána til sjóðfélaga

(m.kr.)



Útistandandi lán til sjóðfélaga

(ma.kr.)



A-deild



A-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	15,8%
Hrein raunávöxtun	10,4%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,09%

Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.024.403
Hreinar fjárfestingartekjur	138.420

Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	43,4%
Hlutfall verðtryggðra eigna	33,7%

Iðgjöld	38.060
Lífeyrir	13.012

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	28.661
Meðalfjöldi lífeyrisþega	10.166
Meðalaldur sjóðfélaga	45

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um A-deild


A-deild LSR var stofnuð árið 1997 en samhlíða því var eldra réttindakerfi sjóðsins, B-deildin, lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Stofnun A-deildar markaði mikil tímamót fyrir LSR þar sem deildin skyldi vera að fullu fjármögnuð með iðgjöldum, en það hafði eldra réttindakerfi ekki verið. Á árinu 2017 var réttindaávinnslu A-deildar breytt úr því að vera jöfn og óháð aldri yfir í að vera aldurstengd.

A-deild LSR hefur starfað í 25 ár sem þykir ekki ýkja langur tími fyrir lífeyrissjóð. Þrátt fyrir það er deildin orðin næststærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið, en hrein eign A-deildar var 1.024,4 ma.kr. í árslok 2021. Deildin hefur vaxið um 845,1 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum og eru 63% þess vaxtar komin til vegna ávöxtunar.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í A-deild á árinu 2021 var 28.661, sem er fjölgun um 667 sjóðfélaga frá árinu áður, og var meðalaldur virkra sjóðfélaga 45 ár. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 10.166 á árinu 2021, sem er fjölgun um 1.051 frá árinu áður, þegar meðalfjöldi lífeyrisþega var 9.115. Í árslok 2021 áttu 74.143 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Verðbréf

Í árslok 2021 nam verðbréfaeign A-deildar 1.022,3 mö.kr. Það er hækkun um 163,1 ma.kr. frá fyrra ári eða tæp 19%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu A-deildar fyrir árið 2022. Fjárfestingarstefnan gerir ráð fyrir hækkandi hlutfalli hlutabréfa í safni sjóðsins á komandi árum og þar með mun áhætta í verðbréfasafni sjóðsins aukast en þannig má koma til móts við hækkandi skuldbindingar A-deildar. Eftir sem áður er þó lögð áhersla á eigna- og áhættudreifingu í eignasafninu með hagkvæmasta samvali verðbréfa.

Á árinu keypti A-deild verðbréf og veitti lán fyrir samtals 69,3 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Uppgreiðslur á sjóðfélagalánum voru 8,8 ma.kr. umfram veitt útlán til sjóðfélaga á árinu. Fjárfest var í skuldabréfum með ríkisábyrgð fyrir 9 ma.kr. ásamt því að keypt voru bréf í flestum öðrum flokkum skuldabréfa. Erlendar fjárfestingar námu 28,2 mö.kr. sem voru að stærstum hluta fjárfestingar í erlendum skráðum hlutabréfum og skuldabréfum í gegnum verðbréfasjóði.

Verðbréfaeign A-deildar

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	202.998	19,9%	18%	
Ríkisbréf	173.444	17,0%	15%	10-30%
Sveitarfélagabréf	29.554	2,9%	3%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	150.078	14,7%	14%	
Sjóðfélagalán	89.333	8,7%	6%	2-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	23.087	2,3%	4%	0-10%
Sértryggð bréf	37.658	3,7%	4%	0-10%
Erlend skuldabréf	19.704	1,9%	5%	
Erlend skuldabréf	19704	1,9%	5%	0-10%
Skuldabréf - önnur	67.961	6,7%	8%	
Fyrirtækjabréf	59.161	5,8%	6%	2-10%
Lánastofnanabréf	5.931	0,6%	1%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	2.869	0,3%	1%	0-5%
Laust fé	23.103	2,3%	1%	
Innlán	23.103	2,3%	1%	0-10%
Lausafjársgjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	164.041	16,1%	14%	
Innlend hlutabréf	156.927	15,4%	12%	5-25%
Innlendir framtakssjóðir	7.114	0,7%	2%	0-5%
Erlend hlutabréf	393.874	38,5%	40%	
Erlend hlutabréf	329.090	32,2%	33%	20-40%
Erlendir framtakssjóðir	64.784	6,3%	7%	2-10%
Verðbréfaeign alls	1.021.758	100%	100%	

Iðgjöld

Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum, hlutur sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 11,5%. Iðgjaldagreiðslur til A-deildar vegna ársins 2021 námu 38 ma.kr. sem er hækkun um 7,3% á milli ára.

Hækkunina má að hluta rekja til fjölgunar á sjóðfélögum en þeim fjölgaði um 2,4% á milli ára. Meirihluti greiðandi sjóðfélaga starfar hjá ríkinu en að uppfylltum ákveðnum aðildarskilyrðum geta einstaklingar sem starfa hjá öðrum launagreiðendum greitt í A-deild.


Réttindaávinnsla hefur verið aldurstengd frá árinu 2017 en meirihluti sjóðfélaga er í jafnri ávinnslu samkvæmt eldra fyrirkomulagi. Þar sem allir nýir sjóðfélagar fara í aldurstengda ávinnslu á meðan engin nýliðun er í jafnri ávinnslu eykst hlutfall sjóðfélaga í aldurstengdri ávinnslu jafnt og þétt með hverju ári. Að meðaltali voru greiðandi sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu 8.172 í hverjum mánuði á árinu 2021 á meðan sjóðfélagar í jafnri ávinnslu voru 20.489 að meðaltali. Eins og sjá má á grafinu hér til hliðar minnkar bilið milli þessara hópa jafnt og þétt með hverju árinu og má búast við að sjóðfélagar í aldurstengdri ávinnslu verði orðnir í meirihluta innan örfárra ára.

Iðgjöld og fjöldataölur


	2021	2020	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	38.061	35.467	7,3%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	28.661	27.994	2,4%
Fjöldi með réttindi í árslok	74.143	71.469	3,7%

Iðgjöld

(ma.kr.)



Meðalfjöldi sjóðfélaga eftir tegund ávinnslu




Lífeyrir

Sjóðfélagar A-deildar ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 40% eða meira. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.


Hægt er að hefja töku eftirlauna hvenær sem er frá 60 til 80 ára aldurs og ekki er nauðsynlegt að láta af störfum þegar taka eftirlauna hefst. Sama gildir um töku á hálfum lífeyri. Við útreikning eftirlauna er miðað við ákveðinn viðmiðunaraldur og lækka eftirlaun hlutfallslega ef eftirlaunataka hefst fyrir þann aldur, en hækka ef eftirlaunatakan hefst síðar. Viðmiðunaraldur eftirlaunatöku er 65 ár hjá þeim sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu og ávinnur sjóðfélagi sér árlegan eftirlaunarétt sem nemur 1,9% af meðallaunum. Hjá þeim sjóðfélögum sem eru í aldurstengdri réttindaávinnslu er viðmiðunaraldur eftirlaunatöku 67 ár og reiknast fjárhæð eftirlauna út frá réttindatöflum sjóðsins.

Lífeyrisgreiðslur A-deild

(ma.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega A-deild



Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 13.012 ma.kr. á árinu 2021 og hækkuðu um 20,2% milli ára. Alls fengu 11.709 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2021 en þeir sem fengu greiðslur að meðaltali í hverjum mánuði voru 10.166. Á liðnu ári hófu 1.055 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 989 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2021 var 68,4 ár og voru 70,5% af þeim konur en 29,5% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisþyrði deildarinnar, þ.e. hlutfall lífeyris af iðgjöldum, er lág enda deildin ung að árum. Lífeyrisþyrði á árinu 2021 var 34,6% en var 30,9% árið áður.

Lífeyrisgreiðslur (m.kr.)

	2021	2020	Breyting
Eftirlaun	9.317	7.515	24,0%
Örorkulífeyrir	3.198	2.882	11,0%
Makalífeyrir	293	249	17,5%
Barnalífeyrir	203	183	10,9%
Samtals	13.012	10.829	20,2%

Fjöldi lífeyrisþega

	2021	2020	Breyting
Eftirlaun	8.056	7.189	12,1%
Örorkulífeyrir	2.321	2.192	5,9%
Makalífeyrir	499	472	5,7%
Barnalífeyrir	833	800	4,1%
Samtals	11.709	10.653	9,9%

Meðalfjárhæð lífeyris (þús.kr.)

	2021	2020	Breyting
Eftirlaun	1.157	1.045	10,7%
Örorkulífeyrir	1.378	1.315	4,8%
Makalífeyrir	588	529	11,2%
Barnalífeyrir	244	229	6,6%
Samtals	1.111	1.017	9,2%

Skuldbindingar

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2021. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. Sjóðurinn þarf að eiga eignir til að standa undir þeim loforðum.


Staða A-deildar er nú í fyrsta skipti reiknuð miðað við spá um hækkandi lífaldur í framtíðinni. Spáin er reiknuð út frá sértækum líkum fyrir sjóðfélaga A- og B-deildar sem byggðar eru á reynslu árána 2014 til 2018. Undanfarna áratugi hefur meðalævi Íslendinga lengst þó nokkuð og gera breyttar forsendur ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram.

Með því að miða við spá um hækkandi lífaldur í stað þess að miða við sögulegar forsendur er gengið út frá því að sjóðfélagar njóti greiðslna úr sjóðnum til lengri tíma en áður var gert ráð fyrir. Meiri greiðslur úr sjóðnum í framtíðinni hafa í för með sér hækkun á skuldbindingum hans.

Nýjar forsendur gera ráð fyrir að meðallífaldur 45 ára sjóðfélaga LSR verði 88,6 ár. Viðmiðunaraldur við töku eftirlauna er 65 ár fyrir jafna ávinnslu réttinda og 67 ár fyrir aldurstengda ávinnslu.

Eignir og skuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt

(ma.kr.)



Í tryggingafræðilegum forsendum er miðað við að ávöxtun eigna deildarinnar verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Til samanburðar hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar verið 4,3% frá stofnun deildarinnar. Ávöxtun er því umfram þær forsendur sem notaðar eru við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu en það vegur hins vegar á móti að lífslíkur hafa aukist og er nú gert ráð fyrir að sjóðfélagar lifi talsvert lengur en gert var ráð fyrir við stofnun A-deildar. Ef núverandi lífslíkur með spá um lengingu meðalævi eru bornar saman við upphaflegar forsendur um ævilengd sem notaðar voru við stofnun A-deildar sést þessi munur vel. Árið 1997 var reiknað með að meðallífaldur sjóðfélaga sem var 45 ára, þ.e. fæddur 1952, væri 81,6 ár. Þegar spáð er í dag um meðallífaldur 45 ára sjóðfélaga, þ.e. einstaklings sem fæddur er 1977,


með núverandi forsendum, er meðallífaldurinn hins vegar orðinn 88,6 ár. Þannig hefur áætlaður lífaldur 45 ára sjóðfélaga lengst um 7 ár frá stofnun sjóðsins.

Skuldbinding A-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu sem miðast annars vegar við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að núverandi sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Skuldbinding A-deildar var 1.493,9 ma.kr. í árslok 2021 og hækkaði hún um 260,5 ma.kr. milli ára eða 21,1%. Áhrif forsendna um lengingu meðalævi eru veruleg fyrir stöðu sjóðsins og má rekja tæplega helming af hækkun skuldbindingar milli ára til breyttra forsendna varðandi lífslíkur.

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2021 sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 2,7% samanborið við 0,2% neikvæða stöðu í árslok 2020. Ef tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2021 hefði verið reiknuð miðað við óbreyttar forsendur hefði staða hans verið jákvæð um 5,6%. Vegna mjög góðrar ávöxtunar á síðasta ári hefði staða sjóðsins því batnað verulega milli ára hefðu forsendur verið óbreyttar.

Verði mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum meiri en 10% ber að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum deildarinnar. Sama gildir ef munurinn er umfram 5% í aðra hvora áttina fimm ár í röð. Tryggingafræðileg staða A-deildar er í jafnvægi miðað við þessi viðmið.

Eignir umfram skuldbindingar



B-deild



B-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	14,8%
Hrein raunávöxtun	9,3%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,19%

Hrein eign til greiðslu lífeyris	297.382
Hreinar fjárfestingartekjur	40.185

Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	41,4%
Hlutfall verðtryggðra eigna	32,9%

Iðgjöld	1.364
Lífeyrir	62.410

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.234
Meðalfjöldi lífeyrisþega	17.948
Meðalaldur sjóðfélaga	61

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um B-deild


Forveri LSR og jafnframt fyrsti lífeyrissjóðurinn sem stofnaður var á Íslandi varð til þann 28. nóvember 1919 með stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn. Á árinu 1944 var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Á árinu 1997 var sjóðnum svo skipt upp í tvær deildir, eldra réttindakerfið fékk nafnið B-deild en nýtt réttindakerfi nafnið A-deild. Samhliða þessari breytingu var B-deild lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Þegar B-deild var lokað voru greiðandi sjóðfélagar rúmlega 19 þúsund, en þeim hefur fækkað jafnt og þétt síðan þá. Á árinu 2021 greiddu einungis 1.234 sjóðfélagar iðgjöld til B-deildar að meðaltali, sem er fækkun um 225 frá árinu áður. Í árslok áttu 35.913 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum, en meðalfjöldi þeirra sem fengu greiddan lífeyri úr deildinni var 17.948.

Hrein eign B-deildar var 297,4 ma.kr. í árslok 2021 og hækkaði um 4,7% á milli ára. Þrátt fyrir að B-deild hafi verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum síðan 1997 hefur hrein eign hennar aukist um 106,5 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á sama tíma hafa fjárfestingartekjur numið 253,6 mö.kr. og hefur útfærði úr deildinni í formi lífeyrisgreiðslna umfram innflæði því verið mikið.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Verðbréf

Í árslok 2021 nam verðbréfaeign B-deildar 299 mö.kr. Það er hækkun um 13 ma.kr. frá fyrra ári eða um 4,5%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu B-deildar fyrir árið 2022. Fjárfestingarstefna B-deildar tekur annars vegar mið af því að draga úr áhættu í eignasafni deildarinnar og hins vegar af því að eignir deildarinnar fara minnkandi þar sem útgreiðslur eru hærrí en inngreiðslur. B-deild þarf því að selja verðbréf til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum.

Á árinu keypti B-deild verðbréf og veitti lán fyrir samtals 891 m.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Þar ber hæst fjárfestingar í skuldabréfum á innlendum markaði að fjárhæð 2 ma.kr. en til lækkunar hefur þá verið tekið tillit til uppgreiðslna á lánum til sjóðfélaga að fjárhæð 2,9 ma.kr. Fjárfestingar B-deildar á innlendum hlutabréfamarkaði námu tæpum 2 mö.kr. og sölur og endurgreiðslur í erlendum hlutabréfum og framtakssjóðum námu 704 m.kr.

Verðbréfaeign B-deildar

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	63.771	21,3%	25%	
Ríkisbréf	57.454	19,2%	20%	15-30%
Sveitarfélagabréf	6.317	2,1%	5%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	31.335	10,5%	11%	
Sjóðfélagalán	21.805	7,3%	6%	2-15%
Veðskuldabréf og -sjóðir	1.889	0,6%	1%	0-5%
Sértryggð bréf	7.641	2,6%	4%	0-10%
Erlend skuldabréf	2.467	0,8%	2%	
Erlend skuldabréf	2.467	0,8%	2%	0-10%
Skuldabréf - önnur	15.130	5,1%	10%	
Fyrirtækjabréf	12.108	4,0%	5%	0-10%
Lánastofnanabréf	2.171	0,7%	2%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	851	0,3%	3%	0-5%
Laust fé	18.614	6,2%	5%	
Innlán	12.274	4,1%	5%	0-10%
Lausafjár sjóðir	6.340	2,1%	0%	0-5%
Innlend hlutabréf	52.207	17,5%	14%	
Innlend hlutabréf	51.012	17,1%	14%	5-25%
Innlendir framtakssjóðir	1.196	0,4%	0%	0-5%
Erlend hlutabréf	115.502	38,6%	33%	
Erlend hlutabréf	113.830	38,1%	33%	20-45%
Erlendir framtakssjóðir	1.672	0,6%	0%	0-5%
Verðbréfaeign alls	299.026	100%	100%	

Iðgjöld

Iðgjald til B-deildar er 12% af dagvinnulaunum, persónuuppbót, orlofsuppbót og vaktaálagi vegna reglubundinna vakta. Hluti sjóðfélaga er 4% og launagreiðanda 8%. Réttindi sjóðfélaga miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn ásamt starfshlutfalli.


Iðgjaldagreiðslur til B-deildar vegna ársins 2021 námu 1.364 m.kr. sem er lækkun um 10,9% á milli ára. Þessa lækkun má rekja til þess að sjóðfélögum sem greiddu iðgjöld fækkaði um 15,4% frá árinu 2020. B-deild LSR hefur verið lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum og vinnuveitendum frá því í lok árs 1996 og því fækkar greiðandi sjóðfélögum deildarinnar jafnt og þétt á hverju ári.

Iðgjöld og fjöldataölur


	2021	2020	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.365	1.532	-10,9%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.234	1.459	-15,4%
Fjöldi með réttindi í árslok	35.913	36.441	-1,4%

Iðgjöld

(m.kr.)



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Lífeyrir


Líkt og í A-deild ávinna sjóðfélagar í B-deild sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 10% eða meira. Þá á maki rétt á ævilöngum makalífeyri við fráfall sjóðfélaga en makalífeyrir ávinnst á hjúskapartíma og helst sú réttindaávinnsla þrátt fyrir hjúskaparslit. Börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.

Almennur réttur til töku eftirlauna er við 65 ára aldur. Virkum sjóðfélaga er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður lífaldur og greiðslutími til sjóðsins er 95 ár eða meira (95 ára reglan) en þó aldrei fyrir 60 ára aldur.


Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok en í ákveðnum tilvikum sem hlutfall af launum vegna 10 ára starfsaldurs í hærra launuðu starfi. Lífeyrisgreiðslur breytast svo í takt við þróun dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum, annað hvort hjá eftirmanni í starfi eða samkvæmt vísitölu sem Hagstofa Íslands gefur út mánaðarlega og mælir breytingar sem verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Á árinu 2021 hækkaði vísitalan um 5,6% en hækkunin árið á undan var 9,2%.

Lífeyrisgreiðslur B-deild

(ma.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega B-deild



Lífeyrisgreiðslur B-deildar námu 62.403 ma.kr. á árinu 2021 og jukust um 9,2% á milli ára. Alls fengu 20.140 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2021 en meðalfjöldi þeirra sem fékk mánaðarlegar greiðslur var 17.948 á árinu. Á liðnu ári hófu 928 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.200 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2021 var 75 ár og voru 66,1% af þeim konur en 33,9% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisgreiðslur

(m.kr.)

	2021	2020	Breyting
Eftirlaun	53.201	48.436	9,8%
Örorkulífeyrir	1.189	1.197	-0,6%
Makalífeyrir	8.005	7.519	6,5%
Barnalífeyrir	7	5	36,6%
Samtals	62.403	57.157	9,2%

Fjöldi lífeyrisþega

	2021	2020	Breyting
Eftirlaun	15.915	15.685	1,5%
Örorkulífeyrir	1.250	1.314	-4,9%
Makalífeyrir	2.899	2.889	0,3%
Barnalífeyrir	76	89	-14,6%
Samtals	20.140	19.997	0,8%

Meðalfjárhæð lífeyris


(þús.kr.)

	2021	2020	Breyting
Eftirlaun	3.343	3.088	8,3%
Örorkulífeyrir	951	911	4,4%
Makalífeyrir	2.761	2.603	6,1%
Barnalífeyrir	96	60	60,0%
Samtals	3.098	2.861	8,3%

Af þeim 62.403 ma.kr. sem greiddir voru í lífeyri úr B-deild á síðasta ári fékk sjóðurinn 25.629 ma.kr. endurgreidda frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum til fyrrverandi starfsmanna sinna. Samkvæmt lögum nr. 1/1997 um LSR er launagreiðendum í B-deild skylt að endurgreiða þann hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna, svokallaðar lífeyrishækkanir. Hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum var 41,1% á árinu 2021 en var 38,9% árið áður. Slík hækkun á milli ára er eðlileg í ljósi þess að hlutur launagreiðanda í lífeyrisgreiðslu lífeyrisþegans fer hækkandi því lengur sem lífeyrisþeginn er á lífeyri þar sem allar hækkanir eftir lífeyristöku eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er gert ráð fyrir að þetta hlutfall fari því áfram vaxandi í framtíðinni og verði að meðaltali 54,6% frá ársbyrjun 2022 þar til síðasta greiðsla úr sjóðnum er innt af hendi.

Lífeyrishækkanir B-deild

(ma.kr.)



Skuldbindingar


Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu B-deildar í árslok 2021. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. B-deild á eignir til að mæta 26,8% af áfallinni skuldbindingu en því til viðbótar á hún kröfu á launagreiðendur vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum og kröfu á ríkissjóð vegna bakábyrgðar á skuldbindingum. Vegna aukins útflæðis hefur gengið hratt á eignir en hlutfall eigna upp í skuldbindingar nam 36,6% fyrir tíu árum síðan.

Staða B-deildar er nú í fyrsta skipti reiknuð miðað við spá um hækkandi lífaldur í framtíðinni. Spáin er reiknuð út frá sértækum líkum fyrir sjóðfélaga A- og B-deildar sem byggðar eru á reynslu áranna 2014 til 2018. Undanfarna áratugi hefur meðalævi Íslendinga lengst þó nokkuð og gera breyttar forsendur ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram.

Með því að miða við spá um hækkandi lífaldur í stað þess að miða við sögulegar forsendur er gengið út frá því að sjóðfélagar njóti greiðslna úr sjóðnum til lengri tíma en áður var gert ráð fyrir. Meiri greiðslur úr sjóðnum í framtíðinni hafa í för með sér hækkun á skuldbindingum hans. Vegna hás meðalaldurs sjóðfélaga í B-deild hafa breyttar forsendur með spá um lengri lífaldur í framtíðinni minni áhrif á skuldbindingar en t.d. hjá A-deild þar sem meðalaldur sjóðfélaga er mun lægri.

Núvirtar eignir sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Skuldbinding B-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu annars vegar, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót, og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að sjóðfélagar munu ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Einungis 1,8% af heildarskuldbindingu B-deildar eru vegna réttinda sem sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni þannig að stærsti hluti af skuldbindingunni er þegar kominn fram sem áfallin skuldbinding.

Áfallin skuldbinding B-deildar var 1.082,1 ma.kr. í árslok 2021 og hækkaði um 72,5 ma.kr. á milli ára eða 7,2%. Áhrif nýrra forsendna um lengingu meðalævi vega þungt í breytingu á skuldbindingu milli ára eða um tvo þriðju af hækkun ársins. Á móti koma lífeyrisgreiðslur sem greiddur voru á árinu 2021 til lækkunar á skuldbindingu ársins en þær námu 62,4 mö.kr.

Áfallin staða B-deildar var -73,2% í árslok 2021 en var -73,9% árið áður. Þrátt fyrir að nýjar forsendur varðandi lífslíkur auki skuldbindingar sjóðsins þá batnar hlutfallsleg staða hans milli ára. Sú vísitala sem mælir breytingar á dagvinnulaunum hækkaði um 5,6% á árinu en hækkun dagvinnulauna hefur bein áhrif á skuldbindingar. Á sama tíma var hrein nafnávöxtun sjóðsins verulega umfram hækkun skuldbindinga en hún nam 14,6% á árinu 2021. Aftur á móti var nettó útflæði úr B-deild 26,8 ma.kr. á árinu 2021 sem kemur til lækkunar á eignum. Allt í allt vógu jákvæðu þættirnir meira, sem gerði það að verkum að eignir B-deildar hækkuðu meira en skuldbindingar hennar á síðasta ári.

Ef áfallin tryggingafræðileg staða B-deildar hefði verið reiknuð miðað við óbreyttar forsendur hefði staða deildarinnar verið -72,0% í stað -73,2% í árslok 2021. Vegna góðrar ávöxtunar á síðasta ári hefði staða sjóðsins því að óbreyttu batnað enn meira milli ára.

Gerð er nánari grein fyrir skuldbindingum B-deildar í ársreikningi, bæði í sérstöku yfirliti og í skýringarliðum nr. 14 og 15.

Fjármögnun áfallinnar skuldbindingar í árslok

	Í m.kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð %
Hrein eign til greiðslu lífeyris	297.382	27,5%	27,5%
Endurmat á verðbréfaeign	(7.785)	-0,7%	26,8%
Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	591.280	54,6%	81,4%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	201.218	18,6%	100%
Áfallin skuldbinding samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt	1.082.094	100%	

Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð ríkissjóðs

Samkvæmt lögum um B-deild endurgreiða launagreiðendur sjóðnum mánaðarlega þann hluta lífeyris sem er umfram fyrstu greiðslu lífeyris. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig.


Sá hluti skuldbindinga sem launagreiðendur eiga að standa undir er metinn 591,3 ma.kr. í árslok 2021 eða um 54,6% af áfallinni skuldbindingu. Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana er ekki færð til eigna í efnahagsreikningi B-deildar. Þess í stað er getið um kröfuna neðanmáls sem eignar utan efnahagsreiknings.

Eins og fram hefur komið eru núvirtar eignir B-deildar 26,8% af áföllnum skuldbindingum. Það sem upp á vantar er fjármagnað með kröfu á launagreiðendur og bakábyrgðarkröfu á ríkissjóð. Sé horft til þessara krafna má segja að sjóðurinn sé í jafnvægi.

Réttindakerfi B-deildar er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með 12% iðgjaldi. Vegna lokunar B-deildar fyrir nýjum sjóðfélögum og uppbyggingar réttindakerfis sjóðsins lá fyrir að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu. Eftir að sjóðnum var lokað hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur og hefur stærstur

Sundurliðun áfallinnar skuldbindingar eftir ábyrgð

(ma.kr.)




hluti af eignamyndun eftir það verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs á skuldbindingum. Þegar B-deild getur ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum mun reyna á bakábyrgð sjóðsins.

Áfallin bakábyrgð ríkissjóðs gagnvart B-deild var í árslok 2021 metin 201,2 ma.kr. eða 18,6% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Á meðfylgjandi súluriti má sjá hvernig bakábyrgð ríkissjóðs hefur þróast undanfarin tíu ár og hvaða áhrif aukagreiðslur ríkissjóðs hafa haft. Bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð vegna B-deildar lækkaði um 0,2% á árinu 2021. Lækkun á bakábyrgðarkröfu skýrist m.a. af því að krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana jókst um 52,3 ma.kr. milli ára eða 9,7%. Aukin hlutdeild launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum er m.a. afleiðing af launahækkunum.

Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar við B-deild umfram lagaskyldu eins og kemur fram hér neðar í umfjöllun um innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar. Án aukagreiðslna hefði bakábyrgð ríkissjóðs verið 498,6 ma.kr. í árslok 2021. Ríkissjóður hefur því náð að fjármagna 59,6% af bakábyrgð sinni vegna áfallinna skuldbindinga B-deildar.


Bakábyrgð ríkissjóðs

(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Eftir að B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum árið 1997 var ljóst að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu þar sem innflæði í sjóðinn hafði verið skert verulega. Uppsöfnuð áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar voru þá þegar orðin mikil en þau áttu eftir að koma til útgreiðslu í formi lífeyris á næstu 70 árum.


Á árinu 1999 byrjaði ríkissjóður að greiða aukalega til B-deildar með það að markmiði að dreifa greiðslum sínum vegna bakábyrgðar yfir lengri tíma. Hlé var gert á þessum greiðslum árið 2009 en þær hófust aftur á árinu 2017. Síðastliðin fimm ár hafa aukagreiðslur úr ríkissjóði numið samtals 51 ma.kr. en þar af voru 8 ma.kr. greiddir á árinu 2021.

Til viðbótar við framangreindar aukagreiðslur hefur ríkissjóður greitt viðbótariðgjöld til B-deildar en þau námu 602 m.kr. á árinu 2021. Alls greiddi ríkissjóður því 8,6 ma.kr. aukalega til sjóðsins á árinu 2021.

Til að greiða lífeyri hefur fyrst verið gengið á aðrar eignir en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til B-deildar. Aðrar eignir B-deildar voru uppunar í nóvember 2015 og ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefðu allar greiðslur til lífeyrisþega þurft að koma úr ríkissjóði frá þeim tímapunkti. Frá nóvember 2015 hafa greiðslur inn á skuldbindingar numið 58 mö.kr. Þar að auki hafa 117,2 ma.kr. verið nýttir af inneign ríkissjóðs hjá B-deild til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

Innborganir ríkisins inn á skuldbindingar

(ma.kr.)



Framtíðarsjóðstreymi


Reiknaðar hafa verið þær greiðslur sem B-deild þarf að greiða lífeyrisþegum í framtíðinni vegna réttinda sem þeir hafa áunnið sér og koma til með að ávinna sér fram að töku lífeyris. Á móti lífeyrisgreiðslum fær B-deild greiðslur frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum og þegar eignir til greiðslu lífeyris verða uppnar mun B-deild fá greiðslur frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Miðað við fast verðlag munu lífeyrisgreiðslur ná hámarki á þessu ári. Greiðslur launagreiðenda vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum verða hins vegar í hámarki árin 2029 og 2030 en þær vega mun þyngra í framtíðarsjóðstreyminu en greiðslur vegna bakábyrgðar.

Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu B-deildar verulega. Í stað þess að B-deild hefði klárað sínar eignir á árinu 2015 hefur tekist að fresta því til ársins 2031. Eins og fram hefur komið hér að framan hóf ríkissjóður aftur aukagreiðslur til B-deildar á árinu 2017 og hefur á síðustu fjórum árum greitt 51 ma.kr. til deildarinnar. Þessar greiðslur síðastliðin 5 ár hafa einar og sér gert það að verkum að B-deild tæmist nú þremur árum seinna en annars hefði gerst.

Ef ekki er gert ráð fyrir frekari aukagreiðslum eftir árslok 2021 þarf ríkissjóður frá og með 2031 að öllu óbreyttu að standa að fullu undir greiðslu lífeyris úr B-deild. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu yrðu greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 21,7 ma.kr. á ári næstu fimm árin eftir að B-deild tæmist, miðað við verðlag í árslok 2021, en færu svo lækkandi. Á sama tíma munu greiðslur til B-deildar vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 28,5 mö.kr.

Greiðslur til B-deildar árin 2022-2060 á verðlagi ársloka 2021

(ma.kr.)



á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði. Á sviðsmynd hér fyrir ofan er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Til þess að tryggja að B-deild geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera að meðaltali 8,5 ma.kr. á ári næstu 30 árin miðað við verðlag í árslok 2021. Ef miðað er við samskonar jafnaðargreiðslu næstu 20 árin þyrftu árlegar aukagreiðslur að vera að meðaltali 11,9 ma.kr. á ári. Samkvæmt fjárlögum er áformað að greiða 8 ma.kr. til B-deildar á árinu 2022.

Séreign



Séreign - Lykilstærðir

	Leið I	Leið II	Leið III
Nafnávöxtun	15,7%	11,0%	4,8%
Hrein raunávöxtun	10,3%	5,8%	-0,1%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,08%	0,08%	0,06%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	11.704	3.365	9.959
Hreinar fjárfestingartekjur	1.591	325	452
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	46,4%	22,5%	0,0%
Hlutfall verðtryggðra eigna	22,3%	42,3%	100%
Iðgjöld	316	272	650
Lífeyrir	195	93	350
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	970	693	1.364
Meðalfjöldi lífeyrisþega	54	25	141
Meðalaldur sjóðfélaga	51	47	59

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.



Um Séreign

Séreign LSR var stofnuð í ársbyrjun 1999. LSR hefur frá upphafi lagt áherslu á örugga vörslu séreignarsparnaðar, góða þjónustu við sjóðfélaga, góða ávöxtun og lágan rekstrarkostnað.

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli þriggja mismunandi fjárfestingarleiða sem eru með ólíka fjárfestingarstefnu.

Hrein eign Séreignar í árslok 2021 var 25.029 m.kr. og hefur hún vaxið um 15.739 m.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á þeim árum hafa fjárfestingartekjur numið 11.873 m.kr. og er 75,4% af vexti eigna á tímabilinu tilkominn vegna ávöxtunar. Á árinu 2021 greiddu að meðaltali 3.027 sjóðfélagar iðgjöld til Séreignar í hverjum mánuði.


Hrein eign til greiðslu lífeyris

(m.kr.)

Fjárfestingarleiðir	2021	2020
Leið I	11.704	10.001
Leið II	3.365	2.864
Leið III	9.959	9.212
Samtals	25.029	22.077


Fjárfestingartekjur

(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris

(ma.kr.)



Verðbréf og ávöxtun

Fjárfestingarleiðir

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sérleiðar. Leið I er hlutabréfaleið og sveiflur í ávöxtun geta verið nokkrar. Leið II leggur áherslu á skuldabréf og eru sveiflur í ávöxtun því jafnan minni. Leið III er innlánsleið og eignir eru ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum, sem þýðir að sveiflur í ávöxtun eru í lágmarki.


Markmiðið með að bjóða upp á mismunandi ávöxtunarleiðir er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga. Því lengri sem ávöxtunartíminn er, því meira er jafnan áhættuþol sjóðfélaga til að standa af sér tímabundnar lækkanir í von um hærri ávöxtun til lengri tíma litið. Þegar svo fer að stytast í að útgreiðslur hefjist eru sjóðfélagar líklegri til að vilja minnka áhættu. Sjóðfélögum býðst að skrá sig í svokallaða Sérleið, þar sem inneign sjóðfélaga færir sjálfkrafa úr annað hvort Leið I eða Leið II yfir í Leið III við 55 ára aldur.

Verðbréfaeign

Í árslok 2021 nam verðbréfaeign Séreignar 25 ma.kr. Það er hækkun um tæpa 3 ma.kr. frá fyrra ári eða 13,4%, en þar af voru hreinar fjárfestingartekjur 2021 2,4 ma.kr.

Á grafinu hér til hliðar má sjá skiptingu verðbréfaeignar milli leiða og tegund verðbréfa. Í Leið I er hlutfall hlutabréfa um 65% og hlutfall skuldabréfa 35%. Fyrir Leið II snýst hlutfallið við þar sem hlutbréf eru um 35% en skuldabréf 65%. Leið III er aftur á móti með 100% innlán.

Fjárfestingarleiðir




Ávöxtun ársins

Rekstraraðilar	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	15,7%	10,3%
Leið II	11,0%	5,8%
Leið III	4,8%	-0,1%

Leið I

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2021 var 15,7% sem samsvarar 10,4% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 10,3% en var 13,3% á árinu 2020. Góð ávöxtun á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum skilar sér í ávöxtun leiðarinnar og var framlag erlendra hlutabréfa til nafnávöxtunar um 8,7% og innlendra hlutabréfa 5,3%.

Hrein raunávöxtun Leiðar I



Verðbréfaeign Leiðar I


(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	594	5,1%	4%	
Ríkisbréf	464	4,0%	3%	0-15%
Sveitarfélagabréf	129	1,1%	1%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	75	0,6%	1%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-5%
Sértryggð bréf	75	0,6%	1%	0-5%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-0%
Skuldabréf - önnur	3.285	28,1%	28%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	3.285	28,1%	28%	10-50%
Laust fé	224	1,9%	2%	
Innlán	224	1,9%	2%	0-10%
Lausafjársgjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	2.144	18,3%	10%	
Innlend hlutabréf	2.144	18,3%	10%	5-25%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	5.377	46,0%	55%	
Erlend hlutabréf	5.377	46,0%	55%	35-65%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	11.698	100%	100%	

Leið II

Nafnávöxtun Leiðar II á árinu 2021 var 11,0% sem samsvarar 5,9% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 5,8% en var 8,3% á árinu 2020. Sömu sögu má segja um Leið II og Leið I, en góð ávöxtun á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum skilar sér í ávöxtun leiðarinnar og var framlag erlendra hlutabréfa til nafnávöxtunar 4,0% og innlendra hlutabréfa 3,4%.

Hrein raunávöxtun Leiðar II



Verðbréfaeign Leiðar II


(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	399	11,8%	11%	
Ríkisbréf	244	7,3%	7%	0-15%
Sveitarfélagabréf	154	4,6%	4%	0-10%
Fasteignaveðtryggð verðbréf	148	4,4%	5%	
Sjóðfélagalán	0	0,0%	0%	0-0%
Veðskuldabréf og -sjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Sértryggð bréf	148	4,4%	5%	0-10%
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	
Erlend skuldabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréf - önnur	1.490	44,3%	47%	
Fyrirtækjabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Lánastofnanabréf	0	0,0%	0%	0-5%
Skuldabréfasjóðir	1.490	44,3%	47%	20-70%
Laust fé	145	4,3%	2%	
Innlán	145	4,3%	2%	0-10%
Lausafjár sjóðir	0	0,0%	0%	0-10%
Innlend hlutabréf	429	12,7%	8%	
Innlend hlutabréf	429	12,7%	8%	5-25%
Innlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Erlend hlutabréf	756	22,5%	27%	
Erlend hlutabréf	756	22,5%	27%	20-45%
Erlendir framtakssjóðir	0	0,0%	0%	0-0%
Verðbréfaeign alls	3.366	100%	100%	

Leið III

Nafnávöxtun Leiðar III á árinu 2021 var 4,8% sem samsvarar 0,0% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var -0,1% en hafði verið 0,6% á árinu 2020.

Hrein raunávöxtun Leiðar III



Verðbréfaeign Leiðar III

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf - ríki og sveitarfélög	0			
Ríkisbréf	0			
Sveitarfélagabréf	0			
Fasteignaveðtryggð verðbréf	0			
Sjóðfélagalán	0			
Veðskuldabréf og -sjóðir	0			
Sértryggð bréf	0			
Erlend skuldabréf	0			
Erlend skuldabréf	0			
Skuldabréf - önnur	0			
Fyrirtækjabréf	0			
Lánastofnanabréf	0			
Skuldabréfasjóðir	0			
Laust fé	9.967	100%	100%	0-100%
Innlán	9.967	100%	100%	0-100%
Lausafjársgjóðir	0			
Innlend hlutabréf	0			
Innlend hlutabréf	0			
Innlendir framtakssjóðir	0			
Erlend hlutabréf	0			
Erlend hlutabréf	0			
Erlendir framtakssjóðir	0			
Verðbréfaeign alls	9.967	100%	100%	

Iðgjöld og lífeyrir


Séreignarsparnaður er sparnaðarform sem launþegar eiga kost á til viðbótar við lögbundinn lífeyrissparnað og er persónuleg eign hvers og eins. Launþegar geta greitt á bilinu 2 til 4% af heildarlaunum sínum í séreignarsparnað og fá þá 2% mótframlag frá launagreiðanda og er því um beina launahækkun að ræða. Iðgjald í séreignarlífeyrissjóð er ekki skattlagt við innborgun og myndast því skattalegt hagræði með skattfrestun. Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur á meðan sparnaðurinn er ávaxtaður en tekjuskattur er síðan greiddur við útborgun. Séreign er með rýmri aðildarreglur en aðrar deildir sjóðsins og er í flestum tilvikum nóg að hafa einhverja tengingu við LSR eða þau aðildarfélög sem greiða til sjóðsins til að geta safnað í Séreign.

Iðgjöld og fjöldatölur


	2021	2020	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.238	1.175	5,4%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	3.027	3.016	0,4%
Fjöldi með réttindi í árslok	7.630	7.432	2,7%

Iðgjöld

(m.kr.)




Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Hægt er að ráðstafa séreignarsparnaði inn á húsnæðislán sem og til kaupa á fyrstu fasteign eða til að auka við ráðstöfunartekjur eftir 60 ára aldur. Eftir að sjóðfélagi nær 60 ára aldri getur hann fengið séreignarlífeyri greiddan í einu lagi eða dreift greiðslum yfir lengri tíma. Við fráfall sjóðfélaga erfist séreignarsparnaður að fullu samkvæmt reglum erfðalaga.


Meðalaldur virkra sjóðfélaga í Séreign var 53 ár í árslok 2021 og var 66% af þeim konur og 34% karlar. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar vegna ársins 2021 námu 1.696 m.kr. sem er hækkun um 4,9% á milli ára, en 458 m.kr. af greiðslunum var ráðstafað sem greiðslu inn á úrræði vegna fasteignakaupa. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.027 á árinu.

Meðalfjöldi lífeyrispega



Lífeyrisgreiðslur

(m.kr.)



Útborgun séreignarlífeyris nam 638 m.kr. á árinu 2021 og lækkaði um 9,6% á milli ára. Alls fengu 430 sjóðfélagar almennar greiðslur úr séreignarsjóði LSR á árinu 2021. Í upphafi árs 2020 heimilaði ríkisstjórnin tímabundna undanþágu á útgreiðslu séreignar vegna COVID-19. Á árinu 2021 nýttu 149 sjóðfélagar þetta úrræði samanborið við 162 sjóðfélaga árið áður og nam fjárhæðin 135 m.kr. á árinu 2021 en árið 2020 var upphæðin 170 m.kr.

Lífeyrisgreiðslur (m.kr.)

	2021	2020	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	477	512	-6,7%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	135	170	-20,8%
Aðrar útgreiðslur	27	24	10,0%
Samtals	638	706	-9,6%

Fjöldi lífeyrisþega

	2021	2020	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	391	398	-1,8%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	149	162	-8,0%
Aðrar útgreiðslur	38	43	-11,6%
Samtals	578	603	-4,1%

Meðalfjárhæð lífeyris (þús.kr.)

	2021	2020	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	1.217	1.285	-5,3%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	905	1.051	-13,9%
Aðrar útgreiðslur	699	561	24,5%
Samtals	1.103	1.171	-5,8%

Starfsemi



Starfsfólk


Í lok árs 2021 voru 53 starfsmenn hjá LSR í 51,6 stöðugildum. Hjá LSR starfar fjölbreyttur hópur fólks hvort sem litið er til menntunar, þekkingar eða aldurs. Mikil þekking og starfsreynsla er á meðal starfsfólks en meðalaldur þess er 46 ár og meðalstarfsaldur 9 ár.

Sjóðurinn hefur sett sér starfsmannastefnu. Markmið hennar er m.a. að styrkja mannauð sjóðsins, laða til starfa hæfa einstaklinga og gefa þeim tækifæri til að nýta kunnáttu sína og frumkvæði í þágu sjóðfélaga. Stefnunni er jafnframt ætlað að vera hvatning fyrir starfsfólk og stjórnendur til að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.


Stuðlað er að heilsuvernd starfsfólks með skipulegum hætti, m.a. með þátttöku sjóðsins í íþróttaiðkun starfsfólks og reglulegri heilsufarsmælingu ásamt yfirferð á vinnuaðstöðu. Starfsfólk er hvatt til að nýta umhverfisvænan ferðamáta allan ársins hring til og frá vinnu og er aðstaðan til þess góð hjá sjóðnum.

Starfsfólk LSR vinnur að markmiði og stefnu lífeyrissjóðsins með gildin virðing, vilji og ánægja að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að samfélagslegt hlutverk lífeyrissjóðsins sé haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans.

Aldur starfsfólks



Starfsaldur



Úr starfseminni

Jafnlaunavottun og viðurkenning Jafnvægisvogarinnar

Sjóðurinn vinnur samkvæmt eigin jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun og starfar í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Á árinu 2021 fékk LSR jafnlaunavottun frá iCert um að jafnlaunakerfi sjóðsins sé í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Markmið jafnlaunakerfis er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnréttisáætlun sjóðsins kveður á um að ekki skuli vera óútskýrður munur á launum kynjanna umfram skilgreind vikmörk. Við vottunarferlið er gerð sérstök launagreining til að kanna hvort slíkur munur sé til staðar og reyndist LSR vera vel innan þessara vikmarka. Slík úttekt verður gerð árlega hér eftir og verður því ríkt aðhald með að starfsemi LSR verði ávallt í samræmi við jafnlaunakerfið.

LSR hlaut jafnframt viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar þriðja árið í röð, en hún er veitt þeim þátttakendum í verkefninu sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.



Aukin áhersla á umhverfisvænar fjárfestingar

Í nóvember 2021 var tilkynnt að LSR væri einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem hyggjast í sameiningu fjárfesta fyrir 4,5 milljarða bandaríkjadala í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030.

Sjóðirnir skrifuðu undir viljayfirlýsingu um verkefnið gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) og var það formlega tilkynnt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP26, í Glasgow í Skotlandi. Íslensku lífeyrissjóðirnir bættust þar með í hóp fjölda norræna lífeyrissjóða sem hafa gefið út sambærilegar yfirlýsingar á undanförunum árum.

Með yfirlýsingunni var staðfestur vilji sjóðsins til að auka grænar fjárfestingar og styðja þannig við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Meðal annars verður horft til verkefna sem nýta jarðvarma en einnig er stefnan að styðja við aukna notkun annarra sjálfbærra orkugjafa með það að markmiði að stuðla að aukinni notkun hreinnar orku í samgöngum og atvinnustarfsemi.



Uppbygging stafrænna lausna

Eftir stefnumótunarvinnu starfsfólks og stjórnar LSR sem fram fór árið 2020 var ákveðið að leggja aukna áherslu á uppbyggingu stafrænna lausna. Nýtt svið, Stafræn þróun og rekstur, varð til eftir skipulagsbreytingar um haustið og er eitt meginhlutverk þess að leiða stafræna vegferð sjóðsins.

Á árinu var ráðist í ýmis umbóta- og þróunarverkefni sem nýtast bæði sjóðfélögum og starfsfólki. Þar á meðal má nefna að allar umsóknir og eyðublöð sjóðsins urðu á árinu undirritanleg á rafrænu formi á vef sjóðsins, en áður hafði þurft að prenta út og undirrita ríflega helming allra eyðublaða LSR með hefðbundnum hætti.


Rafrænar lánaumsóknir og sjálfvirkt greiðslumat eru gott dæmi um hvernig stafrænar lausnir bæta þjónustuna, en á síðasta ári leiddu þær til þess að hægt var að afgreiða lánaumsóknir á innan við 5 virkum dögum og í sumum tilvikum jafnvel samdægurs eða daginn eftir að þær bárust. Áður en lánaumsóknarferlið var fært á rafrænt snið gat hins vegar tekið allt að fjórum vikum að afgreiða lán.

Góður árangur náðist einnig í uppbyggingu innri upplýsingakerfa LSR á árinu og má til að mynda nefna að uppsetning vöruhúss gagna hefur leitt til verulegs tímasparnaðar og bættari upplýsingagjafar fyrir starfsfólk. Þannig nýtast stafrænar lausnir ekki einungis til bættrar þjónustu við sjóðfélaga heldur einnig til aukinnar skilvirkni í starfseminni.



Skipurit LSR

Starfsemi LSR fer fram á þremur sviðum: eignastýringu, lífeyris- og lánasviði. Stoðsviðin eru tvö: fjármálasvið og stafræn þróun og rekstur. Svið áhættustýringar heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er óháð öðrum starfseiningum sjóðsins.



Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir

Sviðsstjórar LSR

Anna Björk Sigurðardóttir

Lífeyrisvið

Elísabet Þórey Þórisdóttir

Lánavið

Björn Hjaltested Gunnarsson

Eignastýring

Þorkell Sigurgeirsson

Fjármálasvið

Einar Birkir Einarsson

Stafræn þróun og rekstur

Sveinn Friðrik Gunnlaugsson

Áhættustýring og innra eftirlit

Lög, samþykktir, stefnur og reglur

LSR starfar eftir lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ásamt almennu lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997. Sjóðurinn starfar jafnframt eftir Samþykktum fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en nýjasta útgáfa þeirra er frá 19. desember 2018.

Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn sett sér stefnur og reglur sem segja til um ýmsa helstu þætti starfseminnar. Samþykktir sjóðsins, stefnur og reglur eru allar aðgengilegar á vef LSR á slóðinni www.lsr.is/um-lsr/log-og-samthyktir/

Helstu stefnur sem sjóðurinn starfar eftir eru:

Áhættustefna

Skjalfest stefna stjórnar um þá áhættu sem stjórnin er reiðubúin til að taka í rekstrinum í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins.

Fjárfestingarstefnur

Hver deild LSR hefur sína fjárfestingarstefnu þar sem tilgreindar eru þær megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum deildarinnar.

Hluthafastefna

Leggur línurnar um aðkomu LSR að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í, svo sem val á stjórnarmönnum, mat á stjórnarháttum, ráðstöfun atkvæða á hluthafafundum og fleira.

Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun

LSR skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni og segir jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun til um hvernig það skuli tryggt.

Starfskjarastefna

Segir til um þau viðmið sem sjóðurinn skal starfa eftir hvað varðar starfskjör starfsfólks.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Tilgreinir áherslu LSR á ábyrgar fjárfestingar og hvernig líta skal til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR.

Stjórnarháttayfirlýsing

Segir til um þá stjórnarhætti sem LSR starfar eftir og veitir yfirsýn yfir helstu reglur og stefnur.

Ársreikningar

 [A-deild](#)

 [B-deild](#)

 [Séreign](#)

Annual Report


[!\[\]\(1d3a1175dd4902218e694b9c098adb83_img.jpg\) The Annual Report](#)



Overview

Role of the fund

The principal role of LSR is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and to ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The fund receives contributions and invests them in order to meet the liability regarding old-age pension, disability pension, spouse's pension and children's allowance. Furthermore, the fund grants loans against a mortgage to fund members and accepts and invests voluntary pension savings.



Assets	(m.ISK)
	Total
Government and municipal bonds	267,762
Government bonds	231,607
Municipal bonds	36,155
Mortgage bonds	181,635
Member loans	111,138
Mortgage bonds and funds	24,975
Covered bonds	45,522
Foreign fixed income	22,171
Foreign fixed income funds	22,171
Other fixed income	87,865
Corporate bonds	71,269
Financial Institution bonds	8,102
Domestic fixed income funds	8,494
Cash and deposits	52,053
Deposits	45,712
Liquidity funds	6,340
Domestic equities	218,821
Domestic listed equities	210,511
Domestic alternative investments	8,310
Foreign equities	515,509
Foreign listed equities	449,053
Foreign alternative investments	66,456
Total	1,345,815

In 2021, LSR had a total of 30,058 active members and 23,148 members received pensions and other benefits. The fund pays over one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds. LSR operates in three divisions, division A, division B and division S, which is a division for voluntary pension savings. All divisions have the same board but are financially separated from each other.

Return

	2021	2020
Nominal return	15.5%	14.9%
Net real return	10%	10.9%
Average five year net real return	8.3%	6.4%
Average ten year net real return	7.3%	6.5%

Net investments (m.ISK)

	Total
Government and municipal bonds	14,819
Government bonds	9,157
Municipal bonds	5,134
Mortgage bonds	660
Member loans	(11,752)
Mortgage bonds and funds	6,272
Covered bonds	6,140
Foreign fixed income	4,627
Foreign fixed income funds	4,627
Other fixed income	14,612
Corporate bonds	8,956
Financial Institution bonds	5,475
Domestic fixed income funds	182
Cash and deposits	(3,376)
Deposits	131
Liquidity funds	(3,507)
Domestic equities	17,204
Domestic listed equities	16,488
Domestic alternative investments	716
Foreign equities	22,088
Foreign listed equities	18,421
Foreign alternative investments	3,667
Total	70,634